

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Sauðárkrókskaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi yfirstjórn og rekstur hitaveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar.

Skrifstofa bæjarins sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil veitunnar. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

Bæjarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum í júní ár hvert þrjá menn í hitaveitunefnd og þrjá til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Hitaveitunefnd hefur á hendi eftirlit með rekstri og framkvæmdum veitunnar.

Hitaveitunefnd semur áætlun um tekjur og gjöld hennar og gerir áætlun um framkvæmdir og viðhald og leggur fyrir bæjarstjórn til fullnaðar afgreiðslu.

Bæjarstjórn skipar hitaveitustjóra og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hitaveitunefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið. Hitaveitustjóri sér um daglegan rekstur og framkvæmdir veitunnar í samræmi við samþykktir hitaveitunefndar og bæjarstjórnar.

Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróks.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Bæjarstjórn (hitaveitunefnd) lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitunefnd þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum og heimæðum svo og rennslisemli inn að stofnhana húsveitunnar.

Afnot hitaorku.**7. gr.**

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitunefndar.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð hitaveitu.**9. gr.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldslaust.

Umsóknir.**11. gr.**

Áður en hafizt er handa um lagningu nýrra kerfa (húsveitna), er um getur í 1. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast.

Hitaveitunni ber þó ekki skylda til þess að leggja heimtaugar meðan frost er í jörð eða á tímabilinu frá 1. okt. til 1. júní.

Umsókn á að fylgja **uppdráttur af lögninni í þríriti.**

Uppdrættir.**12. gr.**

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða pipu-lagningarmeistara, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu bæjarstjórnar og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

13. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera DIN A2 (42.0 × 59.4 cm) eða stærri samkv. þeim stöðlum.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningum með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100 en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 20. gr.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, opnum og loft-ristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafizt þess, að útreikningar verði lagðir fram.

14. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber hús-eigandi allan kostnað af því.

Samþykkt uppdráttu.

15. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt að húsveitu, skal hann árita 3 eintök hans, tvö eintök skal varðveita í skjalasafni Sauðárkrókskaupstaðar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasafninu.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

16. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks löggildir menn, er hún telur hæfa til þess að annast pípulagningavinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur. Mega engir aðrir en þeir, sem hafa fengið slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, hera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða og samþykktu uppdrætti. Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu í pípum skv. reglugerð þessari, er staðizt hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu.

Eftirlit.

17. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir (húsveitur) séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Þrýstiprófa skal hitalagnir með vatni og 6 kg cm² þrýstingi. Álíti eftirlitsmaður hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

18. gr.

Hitaveitustjóri og eftirlitsmaður hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.
































Dælur á heimæðum.

19. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Tákn.

20. gr.

	Ketill		Dæla
	Forhitari		Framrenslispípa
	Baðvatnsgeymir		Bakrenslispípa
	Hitageymir		Loki
	Öryggisloki með lóði		Hreyfilloki
	Prívega hreyfilloki		Prívegaloki
	Öryggisloki með fjöður		Gólflistaofn
	Flotloki		Geislahitunarflötur
	Einstreymisloki		Geislahitunarflötur
	Stíllloki		Lofthitari
	Hemill		Hitamælir
	Prýstiminkari		Prýstimælir
	Ofnloki		Sáld
	Loftskrúfa		Þensluker, opið
	Miðstöðvarofn		Þensluker, lokað
			Vatnsmælir

Viðurlög við brotum.**21. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Sauðárkróks.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. líter. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. líter.